

Rangárping eystra

# Leikskólinn Ör

Ársskýrsla 2010 -1011

Heiða Björg Scheving



Október 2011

## Leikskólinn Ör

### Ársskýrsla starfsárið 2010 -2011

Rangárþing eystra á og rekur leikskólann Ör. Sveitastjóri hefur yfirumsjón með rekstri hans fyrir hönd hreppsnefndar og er hann næsti yfirmaður leikskólastjóra.

Örk er fjögurra deilda leikskóli starfræktur á Hvolsvelli í tveimur húsum með sameiginlegt útivistarrými. Deildarnar er aldurskiptar og eru yngri börnin á Draumalandi og Óskalandi en eldri börnin á Ævintýralandi og Tónalandi. Um 100 börn stunda nám við leikskólann.

Undanfarin misseri höfum við verið í stefnumótavinnu og komist að þeirri niðurstöðu að hugsmíðahyggjan er sú stefna sem við viljum hafa að leiðarljósi í starfi okkar í leikskólanum.

Hugsmíðahyggja er samsafn kenninga um nám. Þar má meðal annars nefna kenningar Jean Piaget og Lev Vygotsky um uppbyggingu þekkingar og einnig kenningu John Dewey um nám á forsendum nemandans og þeirrar reynslu sem hann verður fyrir.

Hugsmíðahyggja fjallar um að börn læri með því að nota fyrri hugmyndir sínar og byggja þannig upp reynslu, þekkingu, færni og viðhorf. Þau nýta reynslu sína og mynda úr henni heildstæðan skilning. Raunverulegur skilningur felur í sér að barnið tengir nýtt nám við fyrri reynslu sína og þekkingu þannig að til verði ný þekking þar sem þetta tvennt tengist saman í órjúfanlega heild og verður barninu tamt þannig að það geti beitt því við nýjar aðstæður og notað sem undirstöðu undir frekara nám. Hugmyndafræðin felur í sér að skólastarfi á ekki eingöngu að snúast um að mata barnið á upplýsingum og staðreyndum heldur að það tileinki sér þekkingu og skilning. Í skólastarfinu er lögð áhersla á ígrundun, lausnaleit, rökhugsun, skilning og beitingu þess sem lært hefur verið. Með því verða börnin leitandi og gagnrýnin, kunna að leita lausna og taka ígrundaðar ákvarðanir sem byggðar eru á gildismati.

Þegar við skilgreinum hugtakið hugsmíðahyggja, gerum við það út frá því:

- að nám einkennist af virkni barnanna
- að börnin byggja upp þekkingu á þeim reynsluheimi sem þau lifa í
- að börnin vinni lausnamiðaða verkefnavinnu ýmist ein eða í hópi
- að börnin noti gagnrýna hugsun í tengslum við upplýsingaleit, úrvinnslu og umbreytingu þeirra í nýja þekkingu.

Skólanámsskrá leikskólans er nú tilbúin og komin á heimasíðu skólans. Merki skólans sem og kjörorð var valið. Fyrir valinu var mynd eftir Bryndísi Rut Gylfadóttur og átti Anna Margrét starfmaður Óskalands hugmyndina af kjörorðinu „Leikur einn“

Miklar endurbætur voru gerðar á leikskólalóðinni sem tókust alveg einstaklega vel. Hermann Georg Gunnlaugsson hjá Storð ehf. hannaði lóðina.

Könnun sem gerð var meðal foreldra í vor leiddi í ljós að 95 % þeirra foreldra sem svöruðu telja að barnið þeirra sé ánægt eða mjög ánægt í leikskólanum.

Könnun sem var gerð meðal starfsmanna sýnir að 20 af 22 starfsmönnum sem svöruðu eru sammála eða mjög sammála um að góður starfsandi ríki í skólanum.

Leikskólastjóri er Heiða Björg Scheving, hún kom til starfa í Örkina í júní 2007. Heiða Björg útskrifaðist með B.ed gráðu frá KHÍ 1999 og mannauðsstjórnun frá EHÍ 2003.

Aðstoðarleikskólastjóri er Árný Jóna Sigurðardóttir. Árný Jóna útskrifaðist með B.ed gráðu frá KHÍ 2002.

## Markmið Arkar

Markmið leikskólans eru að barnið nái þeim þroska sem því er mögulegt í leik- og gleðríku umhverfi. Í aðalnámsskrá leikskóla er yfirlýst markmið um starfsemi leikskóla að efla hina ýmsu þroskaþætti, líkams- og hreyfingþroska, tilfinningaþroska, vitsmunþroska, málþroska, félagsþroska og félagsvitund, fagurþroska og sköpunarhæfni, siðgæðisþroska og siðgæðisvitund. Þroski barnsins á öllum þessum sviðum og velferð þess er það sem við viljum sjá dafna. Leikurinn er okkar helsta og besta kennsluáferð. Örkin á að vera öruggur staður fyrir börn, foreldra og starfsfólk.

Í nýrri stefnumótun leikskólans munum við leggja áherslu á frumkvæði einstaklingsins og leikgleði undir kjörorðinu „Leikur einn“

Árinu er skipt í þrjár annir: haustönn, vorönn og sumarönn. Á haustönn og vorönn er unnið í hópstarfi, vali og með þemavinnu. Eðlilega fer upphaf haustannar í aðlögun barna á milli deilda og nýrra barna en flest börnin byrja í lok ágúst eða byrjun september. Þó byrja börn á öðrum tímum eins og barngildi og húsrúm leyfir. Sumarönnin er töluvert frábrugðin haust og vorönn þar sem starfsemin flyst mikið til út í góða veðrið.

## Starfsárið 2010– 2011

### Matsaðferðir

Tilgangur með mati er að þróa og bæta leikskólastarfið í víðasta skilningi og gera starfsfólk meðvitaðra um starf sitt og leiða það til markvissari vinnubragða.

Starfsárið 2010 til 2011 var metið á starfsmannafundi 1.júní og einnig er það metið jafnt og þétt á starfsmanna- og deildarstjórafundum yfir árið.

Matslisti sem leikskólástjórar á Suðurlandi hafa verið að þróa og var lagður fyrir starfsmenn og foreldra.

### Barnafjöldi

99 börn stunduðu nám við skólann

## Mat á starfsári 2010 -2011

### Óformlegt mat á starfsmanna- og deildarfundum

#### Blandaðar deildir

Veturinn 2010 – 2011 var fyrsti veturinn þar sem elstu börnunum var skipt á milli tveggja deilda. Helsta ástæða þess að við breyttum fyrirkomulaginu var að það myndaðist ójafnvægi á milli árganga, auðveldara er að skipta einstaklingum á milli deilda og gefur meiri sveigjanleika við inntöku barna. Þetta fyrirkomulag hefur að mestu leiti gengið vel. Helsti gallinn var að skipulagt samstarf á milli deilda var of mikið í byrjun og var því dregið úr því í nóvember. Elstu barna verkefni voru eftir það, hringekjan þar sem börnin fara á milli þriggja stöðva, málörvunarstöð, verkefni og Bright start. Einnig fóru þau í íþróttahúsið, bókasafnið og skólaheimsóknir.

#### Skólanámsskrá / Deildarnámsskrá / Starfsmannahandbók

Skólanámsskrá er tilbúin og hægt að nálgast hana á heimasíðu leikskólans

Frestað var að gera deildanámsskrá þar sem ný aðalnámsskrá Leik- og grunnskóla kemur út í haust.

Vinna við starfsmannahandbók er í fullum gangi.

## Samstarf milli skólastiga - Efla sameiginlega sýn á kennslu ungra barna - Sameiginlegir fyrirlestrar, fundir og heimsóknir

Samfella, samstarf Leikskóla og Grunnskóla veturinn 2010-2011.

Unnur og Svava frá leikskólanum funduðu með Bergrúnu Gyðu, Guðbjörgu, Sigrúnu og Ástu frá Grunnskóla.

Eftir heilmikla yfirlegu komust þær að þeirri niðurstöðu að þriðjudagar hentuðu best. Heimsóknirnar byrjuðu þann 11. janúar og síðasta var 3. maí.

Skipulagið var þannig að öllum börnunum sem voru 22 frá leikskóla og 25 frá grunnskóla var skipt í 6 blandaða hópa með börnum af báðum skólastigum. Á hverri stöð voru 2 kennarar og þá með 9 börn í hóp. Á einni stöð voru Jill og Svava með stærðfræði og vísindi, á einni var Sigrún með myndmennt en Unnur og Gyða voru með kubba, spil og markvissa málörvun. Magda var einnig með og var stuðningur, bæði við börn sem þurftu meiri hjálp en aðrir og einnig við pólsk börn. Í byrjun átti hún að fylgja einu ákveðnu barni en það gekk svo vel að hún var þar sem þörfin var mest. Heimsóknirnar stóðu yfir frá klukkan 9:00 til klukkan 10:30 nema þá daga sem var borðað þá stóðu þær til klukkan 12:30.

Fyrstu heimsóknirnar fóru í að sýna leikskólahópnum allan skólann, klósettin, eldhúsið og allt annað. Einnig voru börnin vel kynnt fyrir starfsfólkinu á yngsta stigi. Einnig var farið í heimsóknir á bókasafnið og þar var iðulega lesin bók fyrir allan hópinn og var það mjög ánægjuleg samverustund.

Fjórum sinnum yfir tímabilið borðaði hópurinn í matsalnum og var það ákaflega nauðsynlegt þar sem að fyrirkomulag er allt annað en í leikskólanum. Einnig fengu börnin að fara með 1. bekk í frímínútur og þá var þeim gerð grein fyrir því hvert þau máttu fara og hvert skólalóðin nær.

Í eitt skipti kom grunnskólinn í heimsókn í leikskólann og er það skoðun deildarstjóra að það mætti vera oftar. Einnig fórum þau í eitt skipti saman í skólaskóginn og grilluðu og það var afar vel heppnað.

Börnin voru alltaf spennt að fara í heimsóknir og fannst allt svo spennandi. Einnig fannst 1. bekk mjög gaman að fá að koma í heimsókn í leikskólann. Þetta var vel skipulagt samstarf og gekk vel. Reynt var í lengstu lög að láta þessar stundir ekki falla niður vegna forfalla starfsfólks.

## Efla sameiginlega sýn í leikskólanum- Kynningar milli deilda á deildarstarfi

Unnið er að starfsmannahandbók þar sem vinnulýsingar eru samræmdar. Allir starfsmenn tóku þátt í að gera skólanámsskrána. Ekki var farið í það að kynna starf á milli deilda eins og áformað var.

## Viðhalda starfsgleði

Starfsmenn leikskólans tóku þátt í ýmsum sameiginlegum verkefnum sem auka jákvæð samskipti og skemmtilega samveru. Þar má meðal annars nefna: Óvissuferð til Reykjavíkur, jólahlaðborð sveitafélagsins þar sem við tókum lagið fyrir matargesti. Vinavika sem endaði í fjöri í Hvolnum, prinsessudagur, frískir fimmtudagar, slæmur hárdagur, kláruðum vinateppið og eftir starfsdag í júní fórum við að út borða að Hellishólum. Við hófum að safna fyrir námsferð sem áætlað er að fara í apríl 2012. Við héldum jólamarkað með heimagerðum varningi, 3 kökubasara, útbjuggum uppskriftabók með upphalds uppskriftum okkar, seldum kaffi og vorum með flóamarkað.

## Efla aga í leikskólanum

Starfsmenn fóru á námskeið á fyrirlestur um aga hjá Þórkötlunni Aðalsteinsdóttur sem foreldrafélögin í Örkinni og Hvolkskóla stóðu fyrir

## Bright start

Áætlað var að fleiri starfsmenn færu á Bright Start námskeið en þau voru ekki í boði þennan vetur.

Bright Start er aðferð og kerfi til að kenna börnum rökhugsun. Byrjað var að kenna Bright Start í leikskólanum veturinn 2006 á elstu deildinni og hefur því verið haldið áfram síðan.

Bright Start var kennt á Tónalandi fyrir elstu börnin, tvisvar í viku. Fyrirkomulagið var með þeim hætti að börnunum var skipt í þrjá hópa og settar voru upp þrjár stöðvar. Á einni stöðinni var unnið í sérstöku vinnuhefti, á annarri stöð var málörvun og á þriðju stöðinni var Bright Start innlögð. Síðan rúlluðu hóparnir milli stöðvanna í nokkurs konar hringekjuformi.

Sömu daga voru umræður eftir matartímamann um efni Bright Start lexíunnar fyrr um morguninn og það yfirfært á aðrar aðstæður eða í samhengi sem börnunum eru kunnugleg.

Í vetur var farið í fyrsta kaflann af sjö en sá kafli fjallar um **sjálfsstjórn**. Tilgangurinn með honum er að hjálpa börnum að ná stjórn á eigin hegðun. Þessi stjórnun felur í sér yfirráð og stjórn á hreyfingum eigin líkama, einbeitingu og að bregðast við utanaðkomandi áreiti eins og t.d. tónlist. Að hausti þegar börnin hefja nám við Hvolsskóla er haldið áfram með Bright Start kennsluna þar og er þessi kennsla því hluti af aukinni samvinnu og tengingu milli leik- og grunnskóla.

### **Skólanámsskrá, starfsmannahandbók, eineltisáætlun**

Skólanámsskrá er tilbúin og komin á heimasíðu skólans. Frestað var að gera deildanámsskrár þar sem ný Aðalnámsskrá kemur út í haust. Enn er unnið að verklýsingum í starfsmannahandbók og eineltisáætlun er langt komin.

### **Hanna merki skólans**

Samkeppni var haldin í tilefni af opnu húsi sem var 28. maí 2010. Elstu börn leikskólans voru hvött til að gera merki fyrir skólann og einnig var sett upp auglýsing í Hvolsskóla og fyrir foreldra og starfsmenn. Nú er búið að velja merki skólans og fyrir valinu var teikning eftir Bryndísi Rut Gylfadóttur. Teikningin verður send í frekari vinnslu þar sem merkið fær endanlegt útlit.

### **Leikur einn**

Í stefnumótunarvinnu okkar hér í leikskólanum var einn hluti að ákveða kjörorð sem gæti verið lýsandi fyrir starfið og þann anda og menningu sem við viljum sjá í starfi okkar. Anna Margrét starfsmaður á Óskalandi kom með tillöguna sem fékk flest atkvæði „Leikur einn“. Þessi orð hæfa vel starfi okkar þar sem við viljum að allt starf á leikskólanum sé leikur einn og að nám fari að mestu fram í leik.

### **Auka upplýsingaflæði á milli heimila og skóla**

Deildastjórar hafa sett inn vikulega fréttir og myndir af leik og starfi deilda. Tilkynningar til foreldra hafa verið send í tölvupósti og á tilkynningatöflu. Fram kemur í foreldrakönnun að betur má ef duga skal.

### **Efla foreldrasamvinnu**

Foreldrasamvinna á deildum hefur samkvæmt foreldrakönnun gengið mjög vel á öllum deildum. En það mætti bæta hana í fleiri samvinnuverkefnum á milli skóla og foreldra.

### **Foreldraráð**

Auglýst var eftir foreldrum í foreldraráð. Engin bauð sig fram í ráðið og ákváðu þau sem enn áttu börn í leikskólanum vera eitt ár í viðbót foreldraráði. Það eru þær:

Christiane L Bahner

Tinna Erlingsdóttir

Anna Kristín Guðjónsdóttir

Foreldraráð leikskólans Arkar starfar samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Í foreldraráði eiga sæti 4 fulltrúar. Aðalfundur foreldraráðs skal haldinn í september ár hvert. Þá skulu kosnir a.m.k. fjórir fulltrúar til setu í foreldraráði til eins árs í senn. Sjá nánar á <http://www.leikskolinn.is/ork/>

### **Endurbætur á rými og búnaði**

Litli Dímon var málaður og „blái veggurinn“ fékk hvítan lit. Fengin var maður frá Verkís til þess að mæla hljóðvistina á Litla Dímon og kom þá fram að hávaði fer yfir viðmiðunarmörk í flestum herbergjum. Engar lagfæringar hafa verið gerðar.

Nýjar gardínur voru keyptar í alla glugga í Litla Dímon

Yfirbyggður göngurampur sem áformaður var í þriðja áfanga við breytingar á húsnæði leikskólans var ekki gerður.

Miklar endurbætur voru gerðar á leikskólalóðinni sem tókust alveg einstaklega vel. Hermann Georg Gunnlaugsson hjá Storð ehf. hannaði lóðina.

Á starfsmannafundi 18 mars var starfsmönnum skipt upp í 4 hópa og kom hver hópur með tillögu að draumagarði. Þessa hugmyndir fékk síðan arkitektinn og kom með tillögur sem við gerðum athugasemdir við. Útkoman er frábær garður bæði fyrir börn og starfsmenn. Helstu kostir við lóðina núna er að starfsmenn hafa góða yfirsýn yfir svo til allt leiksvæðið. Yngstu börnin fengu afgirt rými með nýrri rólu, rennibraut og sandkassa inni á lóðinni í stað þess að vera í sér garði og eru því orðin meiri hluti af heildinni í útiveru. Ný rennibraut og klifurgrind voru keypt í garðinn en að öðru leiti voru þau tæki sem til voru máluð og færð til á leiksvæðinu. Nýr sandkassi var byggður og hellur og stígar lagðir.

### **Leikföng á allar deildir**

Engin leikföng voru keypt á deildar. En útileikföng voru keypt í vor. Foreldrafélagið gaf okkur þoturassa og eitt barnið gaf leikskólanum fótbolta.

### **Bækur**

Ekki var farið í bókakaup en bókakassinn frá bókasafninu vel nýttur. Þegar kassinn var gerður upp í vor vantaði í hann 43 bækur sem ekki hefur verið skilað.

### **Stöðumat**

Leikskólakennarar og sérkennarar meta öll börn leikskólans með 3 athugunum sem unnið er með hér í leikskólanum.

TRAS stendur fyrir skráningu á málþroska ungra barna, 2-5 ára og hjálpar kennurum að finna þau börn sem hafa frávik í málþroska og grípa inni og er það tekið 2 á ári. Hljóm-2 mælir hljóðkerfisvitundina hjá börnunum og er það aðeins tekið á elsta árgangi leikskólans. Hljóm -2 hjálpar til við að sjá hvort börn geti átt erfitt með að læra að lesa þegar það kemur í grunnskólann. Leikskólakennarar verða að vera búnir að sækja námskeið í Hljóm-2 til þess að mega nota það. MOT er hreyfiþroskapróf sem er fyrir 4 ára börn og er tekið að sérkennurum.

### **Sérkennsla**

Á árinu 2010 – 2011 sinnti sérkennsla 37 börnum með einum eða öðrum hætti. Af þessum 37 einstaklingum voru/eru 17 einstaklingar með frávik sem falla undir greiningarviðmið frá viðurkenndum greiningaraðilum eða voru/eru í greiningarferli. 20 börn voru tvítyngd eða áttu við tímabundna erfiðleika að stríða af einhverju tagi. Eitt barn bíður frekari greiningar.

Sérkennsla hefur sinnt ýmsum verkefnum er tengjast þeirra skjólstæðingum og falla undir sérkennslu. Þar má helst nefna þjálfun, ráðgjöf, fundasetu, skýrslugerð og námskrágerð. Börn sem njóta þjónustu sérkennslu eru metin reglulega með stöðluðum matstækjum s.s. Íslenska þroskalistanum auk þess sem óstöðluð matstæki og óformlegar athuganir (áhorf og viðtöl) eru notuð til að meta stöðu barnanna og framfarir.

Á starfsárinu voru gerðar breytingar á skilum til grunnskóla. Stöðumat var gert fyrir hvert barn sem naut sérkennslu með skýrsluformi „Staða barns við lok leikskóla“. Þetta er gert til að auðvelda flutning barna á þann hátt að sérþörfum þeirra sé mætt á nýjum vettvangi.

Undanfarin ár hafa verið gerðar tilraunir með svokallaða „skiptiviku“ en þá fara sérkennari og sérkennslustjóri í fyrsta bekk grunnskóla í vikutíma til að fylgjast með starfinu og koma upplýsingum um sérþarfir til kennara og annarra aðila í bekknum. Hugmyndin var að með þessu móti yrði upplýsingum um stöðu og getu barnanna vel komið til skila og þannig mætti mæta börnunum enn frekar í nýju starfi. Hefur þetta form reynst afar vel og er líklega komið til að vera.


Einstaklingsnámskrá skal vera til fyrir hvert barn í sérkennslu undirrituð af forráðamanni. Þar eru sett fram markmið og leiðir til að ná því markmiði. Námskráin skal vera aðgengileg og endurskoðuð reglulega. Samkvæmt skóladagatali er áætlað að yfirfara eigi einstaklingsnámskrár tvisvar sinnum á ári í janúar og október en oftar ef þurfa þykir.

## Foreldrakönnun


Matslisti sem leikskólastjórar á Suðurlandi hafa verið að þróa var lagður fyrir foreldra í vor. Svarhlutfall var um 80% en 99 börn stunduðu nám við leikskólann þegar könnunin var gerð og bárust svör frá 80 foreldrum. 76 foreldrar er sammál eða mjög sammála því að barnið þeirra sér ánægt í leikskólanum.

Heildarniðurstöður úr könnuninni er hægt að nálgast á heimsíðunni leikskolinn.is/ork – skólastarfið – mat á skólastarfi. Hér á eftir koma niðurstöður nokkurra spurninga. Allar spurningar höfðu fimm svarmöguleika og þann sjötta sem var „annað sem þú vilt að komi fram“ í þeim komu góðar athugasemdir fram.


### 1. Ég tel að barnið mitt sé ánægt í leikskólanum




### 2. Mér finnst vel tekið á móti barninu mínu þegar það kemur í skólann




### 14. Ég tel upplýsingaflæði frá leikskólanum vera gott




### 16. Ég nota heimasíðu leikskólans




### 21. Ég á góð samskipti við deildastjóra




### 23. Ég er ánægð/ur með kynningu í nýju starfsfólki



**37. Hæfilega mikið er af viðburðum þar sem foreldrum er sérstaklega boðið að koma í leikskólann**



**43. Umferðaröryggi við leikskólann er gott**



Í 8. Kafli voru svarendur beðnir um að gera grein fyrir því sem a) eitthvað sem þeir voru sérstaklega ánægðir með b) eitthvað sem betur mætti fara og c) Eitthvað sem svarandi vildi koma á framfæri. Í þessum svörum fengum við góðar ábendingar sem við munum taka tillit til í úrbótaáætlun skólans

**Ánægður með:**

- Starfsfólkið- viðmótið
- Ég er mjög ánægð með leikskólann í alla staði og barninu virðist líða mjög vel
- Mjög ánægð með fjölbreytni í leikskólastarfinu einnig með samvinnu foreldra og leikskóla í umgengnisreglum
- Við erum sérstaklega ánægð með starfsfólkið
- Ánægð með hvað þau læra mikið eins og söng , texta, stærðfræði og samskipti.
- Aðstaðan yfir höfuð mjög góð
- Viðmót starfsfólks gott og barninu líður vel
- Hvað það er mikil samvinna á milli leik og grunnskóla í langan tíma ekki bara í eina viku á vorin eins og tíðkast á mörgum stöðum
- Ég er sérstaklega ánægð með eflingu sjálfstæðis og sjálfsaga „ og að vera maður sjálfur“

**Betur mætti fara:**

- Útisvæði mætti vera meira aðlaðandi, komin tími á endurbætur
- Mætti kynna betur nýtt starfsfólk. Setja nöfn uppá töflu t.d.
- Setja hita undir hellurnar við innganginn þar sem labbað er inn í leikskólann
- Langar að heyra frá fleirum um hvernig dagurinn var ( þ.e. öðrum kennurum – finnst ég ekki þekkja kennarana vel
- Starfsfólk mætti vera sýnilegra þegar börnin eru að koma á morgnanna
- Vil að leikskólinn verði hannaður eins og starfsfólk óskar má vera bjartara
- Mætti vera meira frumkvæði hjá starfsfólki að ræða um barnið við foreldra, meir upplýsingar um hvernig gengur
- Skortir á upplýsingaflæði
- Bílastæðin eru frekar þröng og leiðinleg
- Já hvað hljóðvist er slæm hjá á Litla Dímon .
- Hollari matur.
- Fleiri foreldrafundir, færri starfsdagar
- Tilkynningar séu líka á pólsku- allar
- Fleiri tækifæri fyrir foreldra að taka þátt í daglegu starfi barnanna.
- Bílastæði fyrir utan er skelfilegt,
- 

**Koma á framfæri:**

- Mér finnst starfsemin einkennast af fagmennsku, áhuga og drifkrafti sem er algjörlega til fyrirmyndar
- Mætti athuga breytilegan vistunartíma fyrir skólabílabörn
- Leikskólinn mjög dýr
- Já ég vonast til að leikskólinn beri gæfu til að vera hann sjálfur fremur en að gangast undir einverja tiltekna „tískustefnu“ mér sýnist skólinn vel mannaður og metnaðarfullur og hvet ykkur til að vera þið sjálf.
- Frábært að geta sent tölvupóst á deild þegar barn er veikt eða þarf frí.
- Mikilvægt er að öll börn í sveitafélaginu fái vistun í leikskólanum þegar þess er óskað . Því þarf að skoða þann möguleika á lækka aldursmörkin og opna sérstaka ungbarnadeild
- Nýtt hlið er ekki rétt staðsett það ætti að vera þar sem hitalagnir eru undir. Það var mjög sleipt í hliðinu og krakkarnir duttu
- Of margir starfsmannadagar
- Starfsfólk á deild og eldhúsi stendur sig vel varðandi sérþarfir og fæði.

## Starfsmannakönnun


Matslisti sem leikskólastjórar á Suðurlandi hafa verið að þróa var lagður fyrir starfsmenn í apríl. Könnunin kom í heild sinni vel út. Það sem helst má bæta snýr að því að koma skilaboðum á milli starfsmanna, móttaka nýrra starfsmanna og ósk um fagfundi. Niðurstöður úr könnuninni verða notaðar til að bæta verklýsingar í starfsmannahandbók. Helstu niðurstöður voru sem hér seigir.

Tuttugu starfsmenn af þeim 22 sem svöruðu könnuninni voru sammála eða mjög sammála um að góður starfsandi ríki í skólanum



Þrjú starfsmenn af 22 telja sig ekki fá nægjanlega hvatningu eða leiðbeiningu frá samstarfólki.


### Starfsfólk fær góða leiðbeiningu og hvatningu frá samstarfólki



Sjö starfsmönnum af 22 finnst skilaboð og breytingar ekki koma vel til skila




Nítján starfsmenn af 22 eru sammála eða mjög sammála um að starfað sé eftir Aðalnámsskrá leikskóla og sama hlutfall er hjá þeim sem telja að starfað sér eftir skólanámsskrá leikskólans



Nær allir starfsmenn eða 21 af 22 eru sáttir við starfsmannaaðstöðuna í skólanum.

Aðstaða starfsmanna er í lagi



### Fjöldi barna, samsetning hópsins og dvalartími

Met var sett í fjölda barna í leikskólanum þennan vetur en alls stunduðu 99 börn nám á vorönn. Tafla 1 sýnir fjölda barna og samsetningu barnahópsins í leikskólanum í október 2010. Barngildi reiknast út frá fyrirfram gefnum stuðlum fyrir hvern árgang. Börn í elsta árgangi hafa barngildið 0,8, næst elsti 1 og tveir næstu 1,3 og 1,6. Yngsti árgangurinn reiknast 2 barngildi. Dvalarstundir eru fjöldi útseldra tíma í leikskólanum.

Barnahópurinn október 2010

Tafla 1

Fæðingaár	Kyn	Viðverutími í Klukkustundum						Barngildi	Seldir tímar	Barnafjöldi
		4	5	6	7	8	9			
2005	Drengir	1			4	8	2	18,8	110	15
2005	Stúlkur			1	2	3	2	10,0	62	8
2006	Drengir	1	1	2	2	5		11,0	75	11
2006	Stúlkur	2			4	8	1	15,0	109	15
2007	Drengir		1	2		2	2	5,4	51	7
2007	Stúlkur	1		2	2	4		6,9	62	9
2008	Drengir	2			1	6		5,6	63	9
2008	Stúlkur		1	3	1	5	3	8,1	97	13
2009	Drengir			1			1	1,0	15	2
2009	Stúlkur	1			1			2,5	11	2
Samtals								84,3	655	91

### Starfsmannahald

Stöðugildi í október 2010 voru 20,80 sem voru unnin af 26 starfsmönnum.

Auk þess voru tveir starfsmenn við ræstingu. Tveir starfsmenn og einn kennari voru í fæðingarorlofi, einn leikskólakennari var veikindaleyfi

Fagmenntaðir leikskólakennarar voru 7, auk þess sem 2 grunnskólakennarar og 1 leikskólasérkennari, störfuðu við skólann sem og 1 iðjubjálfi sem gegndi stöðu sérkennslustjóra.

Tafla tvö sýnir stöðugildi, starfsheiti og fjölda starfsmanna

Tafla 2

Staða	Stöðugildi	Fjöldi starfsmanna
Leikskólastjóri	1	1
Aðstoðarleikskólastjóri /afleysing	0,6	1
Deildastjóri /leikskólakennari	3,9	4
Leikskólakennari	1,5	2
Önnur kennaramenntun	1,9	2
Sérkennslustjóri /iðjubjálfi	1	1
Sérkennsla /leikskólakennari	0,5	1
Sérkennsla /leiðbeinandi	0,8	1
Leiðbeinandi	7,8	11
Eldhús	1,8	2
Samtals	20,80	26
Ræsting	2	2

### Skipulagsdagur og starfsþróun

#### 27 ágúst

Elín Jóna frá TRS svarar fyrirspurnum um nýja tölvukerfið okkar  
Hlín kynnir lokaverkefnið sitt  
Starfsmannaferð  
Hugsmíðahyggjan -hópavinna  
Deildafundir

#### 19. nóvember

Umræða um ferðasjóð og kosið í nefnd  
Verklagsreglur,  
Myndataka myndamerkingar  
Val kassar í leikfangaherbergi  
Bílastæði  
Starfsgleði  
Könnunaraðferðin, Hlín og Erla kynna

#### 16. feb.

Starfsmannafundur

#### 18. mars

Starfsmannafundur  
Hópavinna- Garðurinn

#### 27. apríl

Starfsmannafundur  
Einelti – Ingileif Ástvaldsdóttir

#### 3 júní

MOT Björk og Gréta kynna  
Deildafundur- endurmat  
Fyrirlestur í Hvolsskóla, Uppeldi til ábyrðar,  
Guðlaug Erna

Einn námskeiðsdagur er á hverju ári en hann er í lok september þar sem allir leikskólar Suðurlands halda haustþing þar sem boðið er upp á fjölbreytt námskeið og fyrirlestra.

Að þessu sinni var haustþingið 24. september. Þar gátu starfsmenn valið á milli 16 fyrirlestra sem voru allir áhugaverðir og gott innlegg í starfið okkar. Efni fyrirlestranna var síðan miðlað á milli starfsmanna á næstu starfsmannafundum.

### Námskeið sem starfsmenn sóttu:

Mamma ég held að við verðum að búa til sögu  
Æskan og ellin  
Syngjum og leikum – málörvun og tónlist  
Útikennsla í Álfheimum  
Skyndihjálpi  
Magadans  
Heimsókn í leikskóla í Chile  
Olweusaráætlun í leikskóla

Dyggðir og jákvæð samskipti í leikskólastarfi  
Lokaverkefni  
Fordómar og jaðarhópar  
Inn og út um gluggann  
Dagasögur  
Láttu ekki stressið drepa þig  
Matur og matreiðsla fyrir leikskólabörn  
Drullumall á grænni grein.

### Ráðgjöf

Skólaskrifstofa Suðurlands hefur það hlutverk að sjá um ráðgjöf til leikskóla samkvæmt samningi við aðildarsveitafélög stofnunarinnar. Skrifstofan sinnir einnig frumgreiningu fyrir leikskólann og sendir einstaka mál til frekari greiningar hjá viðeigandi aðilum (Greiningarstöð, BUGL o.þ.h.).

Hjá skólaskrifstofunni starfa talmeinafræðingar, sálfræðingar og leikskólaráðgjafar sem sinna þessari greiningu og skila niðurstöðum sínum til foreldra og leikskóla að lokinni greiningu. Sérfræðingar hjá Svæðisskrifstofu fatlaðra og fagaðilar hjá skólaskrifstofunni vinna í samráði við sérkennslustjóra leikskólans.

Hrafnhildur Karlsdóttir leikskólaráðgjafi hjá Skólaskrifstofunni hefur veitt ráðgjöf í sambandi við starfið, og einstök börn.

### Hefðir og hátíðir

Foreldrum var boðið í kaffi í desember. Boðið var uppá rúnstykki og kakó með rjóma. Þetta heppnaðist mjög vel og saddir og sælir foreldrar héldu til vinnu eftir skemmtilega samverustund með börnunum sínum.

Kirkjuheimsókn í Stórolfshvolskirkju var 15. desember. Þar tóku á móti okkur sóknarpresturinn og organistinn og fræddu okkur um jólin og jólahald og sungnir voru jólasöngvar.

Jólaball var haldið 17. desember í leikskólanum í sal leikskólans í Litla Dímon. Dansað var í kringum lifandi jólatré við frábæran undirleik Einars Viðars þabba Védísar Aspar og Ísólf Gylfa. Jólasveinar voru á vegum björgunarsveitarinnar og komu með gjafir í poka sem foreldrafélögin aðstoðuðu þá með.

Þorri var blótaður og börnin smökkuðu þorramat með víkingakórónur á höfði. Ekki voru allir sammála um gæði matarins en flatkökurnar, harðfiskurinn og hangikjötið var vinsælast.

Börnin bjuggu til bolluvendi í tilefni Bolludagsins sem þau fóru með heim til að flengja fjölskyldumeðlimi. Í leikskólanum borðuðum við bollur í hádegismat og rjomabollur í síðdegishressingu.

Saltkjöt og baunir voru á boðstólum á Sprengidaginn.

Á Öskudaginn er hefð fyrir því að allir mæta í náttfötum, kötturinn sleginn úr tunnunni, horft á video / DVD og boðið upp á grænmeti og ídýfu.

Einu sinni í mánuði var litavika en þá var unnið með einhvern ákveðinn lit í skapandi starfi og svo í lok vikunnar þá komu börn og starfsmenn í einhverri flik eða með fylgihlut í þeim lit sem búið var að vinna með. Einnig voru nokkrir viðburðardagar t.d. ömmu og afa kaffi.

**Ljósadagur** hjá okkur í janúar. Börnin komu með vasaljós í leikskólann og fóru snemma út í myrkrið að leika sér. Einnig var settur upp kastari þar sem börnin gátu leikið sér með skugga. Inni hélt leikurinn svo áfram fram eftir degi og myndvarpar komu að góðum notum við áframhaldandi leik með ljós og skugga.



### **Dagur leikskólans**

Dagur leikskólans var 6. febrúar. En þar sem dagurinn kom upp á sunnudegi þá héldum við hann hátíðlegan á föstudaginn. Að þessu sinni ákváðum við að bjóða eldri borgurum í kaffi og sýna þeim leikskólann okkar. Það var snjókoma og þæfingsfærð þannig að við áttum alveg eins von á að fólk myndi halda sig heima við þessar aðstæður, en svo varð þó ekki. Það komu yfir 20 manns í kaffi og kleinur og leikskólastjóri fór með gestina í skoðunarferð um skólann. Börnin tóku að sjálfsgöðu vel á móti gestunum. Yngri börnin drukku með þeim í salnum á Litla Dímon og þau eldri sungu fyrir þá og sýndu þeim verkefni sín. Það var mikið gaman að fá þau til okkar og sumir sögðust ekki hafa komið inn í leikskóla áður.

### **Íþróttadagurinn**

Var frestað fram á haust og haldin í september 2011

### **Útskriftarferð og útskrift elstu barna.**

Útskriftarferð elstu barnanna á leikskólanum er hluti af vetrarstarfinu og með því er verið að undirstrika þau tímamót að leikskólagöngu þeirra er að ljúka.

Að þessu sinni var farið í Tumastaðaskóg og hin ýmsu tré rannsökuð. Þaðan var farið að Smáratúni og borðaður gómsætur hádegismatur. Eftir matinn var haldið í Þorsteinslund þar sem börnin fengu að vaða og skoða náttúruna. Þá var haldið að Paradís þar sem grillaðir voru sykurpúðar og þegar komið var aftur á Hvolsvöll var endað á að fara í Hlíðarenda þar sem allir fengu ís í boði N1.

Elstu börnin í leikskólanum voru útskrifuð formlega í lok vorannar. Með því er vakin sérstök athygli á þeim áfanga sem börnin hafa náð og því stóra skrefi sem þau eru í þann veginn að taka með því að hefja lögbundið nám í grunnskóla.

Útskriftin var 27. maí á Opnu húsi og fór fram í sal Arkarinnar þar sem viðstaddir voru auk útskriftarbarna; foreldrar þeirra, starfsfólk leikskólans og önnur börn í leikskólanum. Þar voru svo útskriftarbörnin kölluð upp í starfrófsröð og þau fengu afhentar útskriftarmöppur sem innihalda t.d. ýmiss verk eftir þau og einnig fengu þau rós.

### **Foreldrasamstarf**

Kynningarfundir á vetrarstarfinu fyrir foreldra var haldinn í október og var haldin að morgni til.

Foreldraviðtölin fóru fram í mars. Flestir foreldrar mættu og gengu viðtölin mjög vel og fram kom almenn ánægja hjá foreldrum með leikskólastarfið.

Í desember var aðventukaffi þá buðu börnin fjölskyldu sinni í morgun kaffi. Í mars buðu börnin ömmu og afa í kaffi og sýndu þeim leikskólann sinn.

Deildarstjórnarnir skrifa reglulega fréttir af starfinu á heimasíðu leikskólans og á tilkynningatöflu við á deildum.

Það er von okkar að fá fleiri foreldra til að taka þátt skólastarfinu með því að ganga til liðs við foreldrafélagið og í foreldraráð skólans og hafa þannig áhrif á leikskólalíf barnanna og kynnast betur starfinu í skólanum, öðrum foreldrum, starfsfólki og börnum á Örkinni.

### Frá foreldrafélaginu

Á liðnu starfsári var ýmislegt um að vera á vegum foreldrafélagsins. 8. desember stóð foreldrafélagið fyrir sýningu Brúðuleikhússins „Pönnukakan hennar Grýlu“. Í desember fengu starfsmenn leikskólans ostakörfu að gjöf. Jólasveinarnir fengu aðstoð við jólagjafainnkaup og fengu börnin merkt handklæði að gjöf á jólaballi leikskólans. Foreldrafélagið tók þátt í skipulagningu jólaballs 29. desember ásamt foreldrafélagi Hvolsskóla og kvenfélögunum Hallgerði og Einingu. Foreldrafélagið hefur verið í góðu samstarfi við foreldrafélag Hvolsskóla og voru tveir fyrirlestrar fyrir foreldra haldnir á vegum þessara félaga. 16. febrúar kom Þórkatta Aðalsteinsdóttir sálfræðingur og hélt fyrirlestur um aga og samskipti foreldra og barna. 27. apríl kom Ingileif Ástvaldsdóttir og hélt fyrirlestur um einelti. Í maí sendi foreldrafélagið erindi til fræðslunefndar um að athuga með möguleika á og þörf fyrir opnun ungbarnadeildar við Leikskólann Örk. Vorhátíðin var haldin 14. maí í Paradís við Heimaland. Mjög góð þátttaka, var boðið upp á pylsur og Íþróttálfurinn og Solla stírða kíktu í heimsókn. Myndataka var 3. október 2011, þar sem teknar voru einstaklingsmyndir af börnunum og eins hópmyndir af hverri deild.

Heiða Björg Scheving  
Leikskólastóri